

ADVENTUTÓNLEIKAR

Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Ingibjörg Guðjónsdóttir, einsöngvari
Gissur Páll Gissurarson, einsöngvari



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS**

2009/10

Gjöf sem hljómar vel

Gjafakort Sinfóníuhljómsveitar Íslands er tilvalin jólagjöf fyrir tónlistarunnendur á öllum aldri. Tónleikaárið einkennist af mikilli fjölbreytni og því ættu allir að finna tónleika við sitt hæfi.

Gjafakortið sjálft er fallett og hefur ótakmarkaðan gildistíma.



Komdu við hjá okkur í Háskólabíói eða hafðu samband í síma **545 2500** og við aðstoðum þig með jólagleði. Einnig er hægt að senda póst á sinfonia@sinfonia.is og fá upplýsingar eða tilboð fyrir stærri pantanir. Athugið! Áskrifendur fá 10% afslátt af gjafakortum Sinfóníunnar.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Tónleikar í Háskólabíói 11. desember 2009 kl. 19.30

Daniel Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Ingibjörg Guðjónsdóttir, einsöngvari
Gissur Páll Gissurarson, einsöngvari

AÐVENTUTÓNLEIKAR

Arcangelo Corelli	Concerto Grosso op. 6 nr. 8, „Jólaconsertinn“ Vivace – Grave Allegro Adagio – Allegro – Adagio Vivace Allegro Largo. Pastorale
G.F. Händel	Let the bright Seraphim (úr <i>Samson</i>) Ev'ry valley shall be exalted (úr <i>Messíasi</i>) How beautiful are the feet (úr <i>Messíasi</i>)
J.S. Bach	Sinfónía (úr Jónaóratóriunni) Frohe Hirten, eilt, ach eilet (úr <i>Jónaóratóriunni</i>)
W.A. Mozart	Alleluia (úr <i>Exultate, jubilate</i>)
Hlé	
Händel/Stokowski	In the Lord I put my trust (úr <i>Chandos-lofsöng nr. 2</i>)
Max Reger	Mariä Wiegenlied
Sigvaldi Kaldalóns	Ave Maria
Bach/Stokowski	Wachet auf, ruft uns die Stimme (úr kantötu BWV 140)
César Franck	Panis angelicus
Georges Bizet	Agnus Dei
Pietro Yon	Gesú Bambino
Adolphe Adam	Ó, helga nótt



Tónleikarnir eru hljóðritaðir og
verður þeim útvarpað á Rás 1
að kvöldi jóladags.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum á
meðan tónleikum stendur.



Daníel Bjarnason lauk burtfararprófi í píanóleik frá Tónlistarskóla FÍH vorið 2000. Sama ár hóf hann nám í tónsmíðum og hljómsveitarstjórn við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi í hvoru tveggja vorið 2003. Daníel stundaði frá 2004-2007 framhaldsnám í hljómsveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi og lauk þaðan prófi með hæstu einkunn. Daníel vinnur jöfnum höndum sem hljómsveitarstjóri og tónskáld með ýmsum listamönnum og hljómsveitum, m.a. við Íslensku óperuna. Daníel er einn af stofnendum kammersveitarinnar Ísafoldar og hefur verið listrænn stjórnandi og hljómsveitarstjóri hennar frá upphafi.

Árið 2008 hlaut Daníel 2. verðlaun og sérstök meðmæli Alþjóðlega tónskáldaþingsins fyrir verk sitt *All sounds to silence come* sem var samið sérstaklega fyrir Ísafold í tengslum við Sumartónleika í Skálholti. Hann tók einnig á síðasta ári þátt í verkefninu „Operagenesis“ fyrir ung tónskáld á vegum Konunglegu óperunnar í Covent Garden í London. Daníel gekk nýverið til liðs við plötufyrirtækið Bedroom Community og kom fyrsti diskurinn með verkum hans út nú fyrir skömmu. Á honum er meðal annars að finna píanókonsertinn *Processions*, sem hann samdi fyrir Víking Heiðar Ólafsson og þeir frumfluttu ásamt SÍ á Myrkum músíkdögum 2009 við afbragðs undirtektir.

Ingibjörg Guðjónsdóttir hóf söngnám við Tónlistarskóla Garðabæjar hjá Snæbjörgu Snæbjarnardóttur og lauk þaðan burtfararprófi árið 1986. Hún stundaði framhaldsnám við Indiana University í Bandaríkjunum en einnig hefur hún notið leiðsagnar Kirsten Buhl-Möller og rúmönsku söngkonunnar Ileanu Cotrubas.

Ingibjörg hefur haldið fjölda einsöngstónleika, tekið þátt í tónlistarhátíðum og verið einsöngvari með sinfóníuhljómsveitum, kammersveitum og kórum, bæði hér á landi og erlendis. Ingibjörg hefur tvisvar sungið á íslensku óperusviði, árið 1993 í *La Bohème* eftir Puccini í Borgarleikhúsinu og árið 2007 í Íslensku óperunni í *Skuggaleik*, óperu eftir Karólínu Eiríksdóttur. Undanfarin ár hefur hún verið iðin við flutning samtímatónlistar

og frumflutt, m.a. verk eftir Karólínu Eiríksdóttur, Hauk Tómasson, Þorkel Sigurbjörnsson og Þórð Magnússon. Um tíma starfaði Ingibjörg í Kaupmannahöfn en auk fjölbreyttra söngverkefna þar í borg stofnaði hún Íslenska kvennakórinn í Kaupmannahöfn sem hún stjórnaði í tvö ár.

Ingibjörg hefur gefið út tvær geislaplötur. *Óperuaríur* (2005) með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Gerrit Schuil og *Ó Ó Ingibjörg* (2007) þar sem hún syngur íslensk sönglög í frumlegum búningi með bræðum sínum, djasstónlistarmönnum Óskari og Ómari. Ingibjörg er stofnandi og stjórnandi Kvennakórs Garðabæjar en einnig starfar hún sem söngkennari við Tónlistarskóla Álftaness og Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.





Gissur Páll Gissurarson hóf nám sitt í Söngskólanum í Reykjavík veturinn 1997 undir handleiðslu Magnúsar Jónssonar. Hann flutti til Ítalíu veturinn 2001 og hóf nám við Conservatorio G.B. Martini í Bologna. Að loknu námi þar sótti Gissur Páll einkatíma hjá Kristjáni Jóhannssyni. Gissur Páll hefur sungið við ýmis tækifæri á Íslandi. Frumraun hans á sviði var þegar hann fór með titilhlutverkið í *Oliver Twist*, þá aðeins ellefu ára. Eftir að hefðbundið söngnám hófst hefur hann sungið í Kór íslensku óperunar og komið fram sem einsöngvari við ýmis tilefni.

Fljótlega eftir að Gissur Páll kom til Ítalíu fékk hann verkefni með stórum óháðum óperukór, Chorus Athestis, sem syngur um alla Evrópu. Sumarið 2003 steig Gissur Páll sín fyrstu skref

á ítölsku óperusviði sem Ruiz í óperunni *Il trovatore* eftir Verdi, sem sett var upp í Ravenna og leikstýrð af Cristina Mazzavillani Muti. Veturinn 2004 tók Gissur Páll þátt í uppfærslu á *Così fan tutte* undir stjórn Claudio Abbado sem sýnd var í Ferrara, Reggio Emilia og Modena. Haustið 2005 hélt Gissur Páll til Japans og kom þar fram á 11 tónleikum fyrir hönd Íslands á Expo-sýningunni sem haldin var í Nagoya í Japan. Áætlaður gestafjöldi á tónleika Gissurarar um 100.000 manns.

Haustið 2006 hélt Gissur sína fyrstu einsöngstónleika á Íslandi í Salnum í Kópavogi við góðar undir tektir. Að loknum tónleikunum hélt hann aftur til Ítalíu og tók þátt í söngkepni í Brescia og hreppti tvenn verðlaun þar. Gissur Páll hlaut viðurkenningu úr styrktarsjóði Önnu Karólínu Nordal sem var veitt við opnun starfsárs Salarins í Kópavogi árið 2007. Gissur Páll hefur sungið í uppfærslum í Heidelberg í Þýskalandi og Sardiníu á Ítalíu, og söng nýverið í *Ástardrykkjum* eftir Donizetti hjá Íslensku óperunni.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Meðlimir úr Sinfóníuhljómsveit Íslands léku jólakonsert Corellis á jólatónleikum Ríkisútvarpsins í Dómkirkjunni í desember 1957. Þar stjórnaði Hans Joachim Wunderlich en Páll Ísólffsson lék á orgel og Björn Ólafsson leiddi strengjasveitina. Á sömu tónleikum söng Þuríður Pálsdóttir Exultate, jubilate, sem hún hafði einnig sungið með SÍ nokkrum árum fyrr.

JÓLATÓNAR FRÁ ÝMSUM TÍMUM

Fögnuður jólanna hefur gegnum aldirnar fundið hljómgrunn í tónsköpun af ýmsum toga og fátt er betur til þess fallið en hátíðlegir tónar að lyfta andanum og búa hann undir frið og gleði jólanæturinnar. Á barokktímanum var allnokkuð um að tónskáld semdu verk með yfirskriftina *pastorale* eða hjarðljóð, sem áttu að bregða upp mynd úr fjárhúsinu í Betlehem. Með slíkum þætti lýkur *Jólakonserti* ítalska fiðlusnillingsins Arcangelos Corelli (1653–1713), sem hann gaf yfirskriftina „Fatto per la notte di Natale“, eða „Saminn fyrir jólanótt“.



Konsertinn kom ekki út á prenti fyrr en 1714, ári eftir að höfundurinn féll frá, en líklega var hann saminn rúmum áratug fyrr. Vitað er að Corelli tók þátt í jólatónleikahaldi hjá Pietro Ottoboni kardinála í Rómaborg árið 1690 og nýsaminn konsert hefði hentað vel við slíkt tækifæri. Líkt og aðrir konsertar Corellis er hér lítill einleikshópur sem samanstendur af tveimur fiðlum og fylgibassa, auk stærri hljómsveitar. Þættirnir eru hraðir og hægir til skiptis, sumir blíðir og aðrir fjörugir, en þungamiðja verksins er ljúfur lokakafinn þar sem vaggandi takturinn leiðir hugann að jötu nýfædda frelsarans.

Árið 1743 var frumflutt í Lundúnum óratória eftir Georg Friederich Händel (1685–1759), sem bar nafnið *Samson* og byggir á sögu úr Dómarabókinni sem Milton hafði síðar gert úr dramatískt kvæði. Í lokaáriunni, *Let the bright Seraphim*, er harmi Ísraelsmanna snúið í gleði og söng. Arian er ein sú vinsælasta sem tónskáldið festi á blað og í henni fá bæði sópran og trompetsólisti nóg að iðja. Árinu áður hafði Händel lokið við aðra óratóriu sem náði enn meiri vinsældum, við texta guðfræðingsins Charles Jennens sem tengdi saman kafla sem rekja ævi Krists. Samtímamönnum tónskáldsins féll *Messías* vel í geð eins og lesa má í *Dublin Journal* í apríl 1742: „Í gær var hin nýja óratória hr. Händels, *Messías*, æfð fyrir fullum sal þar sem var saman komið hið æruverðugasta heiðursfólk. Verkið var svo vel flutt að það gaf óblandna ánægju öllum þeim sem viðstaddir voru, og hinir mestu kunnáttumenn kváðu það vera bestu tónsmíð sem nokkru sinni hefði heyrst.“



Ekki er hrifning nútímamanna minni ef marka má árvissan flutning óratóríunnar um

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þegar Jólakonsert Corellis var fluttur á tónleikum Kammermúsikklúbbsins í Melaskóla árið 1959 lék Páll Ísólfsson fylgibassaróddina á píanó þar sem semball var ekki til. Gagnrýnandi *Alþýðublaðsins* ritaði af þessu tilefni:

„Ekki er það vanzalaust, að ekki skuli vera til symbol, er svona verk eru flutt. Er þarna gott tækifæri fyrir einhvern þolanlega ríkan mann að gera nafn sitt ódauðlegt með því að gefa slíkt hljóðfæri.“

gjörvalla heimsbyggðina. Tónlist Händels er vitaskuld meðal hápunkta síðbarokksins og honum tekst án minnstu áreynslu að sameina í eitt verk afar fjölbreytt efnistöð, frá gláðværri heiðríkju til dýpstu sorgar. Það eru hinar hæglátu hugleiðingar Händels – þættir eins og *How beautiful are the feet of I know that my redeemer liveth* – sem mynda þungamiðju verksins, hvort sem skoðað er út frá músíkölsku eða guðfræðilegu sjónarmiði. Hér er öll dramatík lögð til hliðar; tónar og orð eru græðandi smyrsl fyrir hrellda sál.



Jólaóratórían eftir Johann Sebastian Bach (1685–1750) er verk af öðrum toga. Hún var ekki samin fyrir tónleikasal heldur höfuðkirkjurnar í Leipzig, Nikulásar- og Tómasarkirkjuna, sem skiptu á milli sín guðsþjónustum á helstu hátíðisdögum kirkjunnar. Þá tíðkaðist að flytja kantötu við guðsþjónustu og Bach var iðinn við kolann; yfir 200 slíkar hafa varðveist með hendi hans og flestar frá fyrstu árum hans í kantorsembættinu þegar hann sendi að jafnaði frá sér eina í viku hverri. Jólaóratórían samanstendur af sex slíkum kantötum; sú fyrsta er fyrir jóladag en sú síðasta til flutnings á þrettándanum. Sinfónían sem hér hljómar er ljúft hjarðljóð, upphaf kantötu nr. 2 sem segir frá hirðunum á Betlehemsvöllum. Úr sömu kantötu er einnig tenóríarían *Frohe Hirten*, þar sem hirðarnir eru hvattir til að hraða sér til barnsins nýfædda.

Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) hélt ásamt föður sínum til Mílanó 17 ára gamall og sú ferð markaði tímamót á ferli undrabarnsins; héðan í frá hlaut öllum að vera ljóst að úr þessum unga manni yrði einn af snillingum sögunnar. Það var meðan á dvöl feðganna í Mílanó stóð sem Mozart samdi eitt vinsælasta söngverk sitt, *Exultate, jubilate*, og það var frumflutt í kirkju heilags Antoníusar 17. janúar 1773. Í Mílanó hafði ópera hans, *Lucio Silla*, verið frumsýnd, og geldingurinn Venanzio Rauzzini söng hlutverk Cecillos „eins og engill“, að sögn föðurins Leopolds. Stíll óperunnar er allsráðandi í þessu glæsilega verki sem er í þremur köflum. Lokapátturinn er Alleluia sem gefur söngvaranum færi á að sýna bæði flúrtækni og músíkalítet á hæsta stigi, enda vinsældirnar eftir því.



TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Victor Urbancic stýrði Kór Tónlistarfélagsins ásamt einsöngvurum og hljómsveit í Messíasi Händels í desember 1940. Fjórum árum síðar flutti hann Jólaóratóríu Bachs í fyrsta sinn á Íslandi, einnig með Kór Tónlistarfélagsins.

Hljómsveitarstjórinn Leopold Stokowski (1882–1977) var fæddur í Bretlandi en starfaði lengst af í Bandaríkjunum og þótti hafa einstakan stíl; hann stýrði hljómsveitum án tónsprotu og þótti galdra fram sérlega mikilfenglegan hljóm. Hann var kominn á tíræðisaldur þegar hann dró sig í hlé og lifði um margt ævintýrlegu lífi; hann var til dæmis kvæntur hinni vellauðugu Gloriu Vanderbilt og átti í ástarævintýri við Gretu Garbo á þriðja áratugnum. Á öðrum og þriðja áratug 20. aldar útsetti Stokowski hátt í 200 tónsmíðar annarra tónskálda fyrir stóra sinfóníuhljómsveit, aðallega verk Bachs en einnig tónsmíðar eftir Händel, Músorgskíj og fleiri. Þannig kynnti hann t.d. orgelveik Bachs fyrir mun stærri áheyrendahópi, og má nefna sem dæmi prelúdíu og fúgu í d-moll sem Walt Disney notaði í mynd sinni Fantasiu og hefur náð til tugmilljóna í þeirri hljómsveitargerð.



Hér eru fluttar tvær útsetningar Stokowskis, annars vegar á upphafsþætti úr lofsöng Händels, einn margra sem hann samdi að beiðni hertogans af Chandos, James Brydges. Sá hafði auðgast mjög á Spáni og notaði auðæfi sín til að byggja eina glæsilegustu höll Bretlandseyja auk þess sem hann gerði Händel að staðartónskáldi sínu og launaði honum ríkulega fyrir störf sín. Kóralútsetning J.S. Bachs á lútherska sálminum *Vakna, Síons verðir kalla* (úr kantötu BWV 140) er vafalaust ein vinsælasta tónsmíð þýska kantorsins; sálmurinn er hér fléttaður saman við hrifandi mótrödd og stöðugan bassagang. Höfundinum hefur greinilega þótt mikið til um útkomuna því að hann útsetti kaflann sjálfur fyrir orgel, BWV 645, og síðan hefur það heyrst um heimsbyggðina í ýmsum gerðum.



Max Reger (1873–1916) var einn helsti forvígismaður þýskrar tónsköpunar áratugina eftir lát Wagners og tónlist hans var gegnsýr af krómátíkinni sem einkenndi verk hins síðarnefnda. Mörgum þótti hún óþarfliga flókin, og til að sýna fjölbærni sína setti hann saman „60 einfalda söngva“ (*60 schlichte Weisen* op. 76) á árunum 1904–12. Þeirra á meðal er *Vöggusöngur Maríu*, hið eina af ríflega 200 sönglögum Regers sem náð hefur hylli utan þýskumælandi landa. Einföld vögguvísan er í ruggandi 6/8-takti og vísar til upphafs annars þekktis jólalags frá miðöldum, *Joseph, lieber Joseph mein*. Ekki er þó þar með sagt að lagið beri ekki einkenni höfundarins, því óvænt tóntegundaskiptin eru dæmigerð fyrir tónsköpun hans jafnt í smáu sem stóru.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Ekki er vitað til að útsetningar Stokowskis á þeim verkum sem hér heyrast hafi hljómað áður á tónleikum hér á landi.



Sigvaldi Kaldalóns (1881–1946) á tvö af ástsælustu jólalögum sem saminn hafa verið á Íslandi á 20. öld: *Nóttin var sú ágæt ein* og *Ave Maria*. Hefðu þau verið saminn sunnar í álfunni við eitt af stóru tungumálum heimsins væru þau vísast sungin um allan heim. *Dansinn í Hruna* eftir Indriða Einarsson var jólasýning Leikfélags Reykjavíkur árið 1925 og var Sigvaldi fenginn til að semja lög við leikinn. „J.B.“, leikdómari *Morgunblaðsins*, komst svo að orði: „Söngvarnir í leikritinu tókust vel, flestir þeirra. En einkum þótti mönnum mikið koma til lokasöngsins, *Ave Maria*: er hann bæði fagur og yfir honum er hátíðarblær og lotningar.“ Fáeinum vikum síðar söng Eggert Stefánsson lagið á tónleikum í Fríkirkjunni við undirleik Sigvalda bróður síns, og var þá haft á orði í einu blaðanna að lagið myndi eflaust ná „miklum tókum á huga manna“.



César Franck (1822–1890) var kunnur organisti og einn áhrifamesti maðurinn í frönsku tónlistarlífi á síðari hluta 19. aldar. Hann samdi lag sitt við sálm Tómasar frá Aquinas árið 1872, upphaflega fyrir tenór og lítinn kammerhóp (orgel, hörpu, selló og kontrabassa). Þótt önnur trúarleg verk hans séu mun metnaðarfyllri – til dæmis óratórían *Rebekka* frá árinu 1881 – þá er *Panis angelicus* tvímælalaust kunnasta tónsmíð hans, hrífandi í innilegum einfaldleika sínum.



Georges Bizet (1838–1875) samdi nær enga kirkjutónlist; dramatísk tilþríf óperusviðsins áttu betur við smekk hans og skapgerð. Árið 1872, þremur árum fyrir andlát sitt, hafði Bizet samið tónlist við leikrit Alphonse Daudets, *L'Arlesienne* (Stúlkan frá Arles). Óperan *Carmen* sló rækilega í gegn um það leyti sem tónskáldið andaðist og útgefandinn bað vin Bizets, Ernest Guirard, að setja saman svítu með leikhústónlistinni. Nokkru síðar tók Guirard *Intermezzo* úr verkinu og setti það út fyrir einsöng við latneska kirkjubæn. Þótt tónskáldið hafi því ekki átt nokkurn hlut að máli er tónsmíðin í dag ein sú vinsælasta sem ber nafn þess; Enrico Caruso hljóðritaði það á fyrstu dögum lakkplötunnar og síðan hefur fjöldi

óperusöngvara fylgt í kjölfarið, José Carreras og Luciano Pavarotti svo aðeins tveir séu nefndir til viðbótar.

Pietro Yon (1886–1943) fæddist nærri Torino á Ítalíu og hóf feril sinn sem organisti í Róm, en hélt vestur um haf tvítugur að aldri. Lengst af starfaði hann sem organisti og kórstjóri við hina kunnu Dómkirkju heilags Patreks við fimmtu breiðgötu í New York og hélt þeirri stöðu til dauðadags. Hann var mikill virtúós á hljóðfæri sitt og varð fyrstur orgelleikara í New York til að leika tónleika utanað. Hann samdi fjölda tónverka, óratóirur, orgelkonsert, mótettur og sönglög, og er *Gesù bambino* frá árinu 1917 þeirra kunnast.



Franski tónsmiðurinn Adolphe Adam (1803–1856) er kunnastur fyrir sviðsverk sín, óperur og balletta sem hann samdi fyrir Parísaróperuna og nutu mikillar hylli á sínni tíð, ekki síst ballettinn *Giselle* frá árinu 1841. Sex árum síðar festi hann á blað lítinn jólasálm sem síðan hefur farið sigurför um heiminn. Það var skáldið og vinkaupmaðurinn Placide Cappeau sem bað Adam um lag við kvæði sitt. Tónskáldið hristi lagið fram úr erminni á nokkrum dögum og það var fyrst sungið við miðnæturmessu í heimabæ skáldsins, Roquemaure, skammt frá Avignon, á jóladag 1847. Tæpum sex áratugum síðar varð það fyrsta tónsmíðin til að hljóma í útvarpi; kanadíski uppfinningamaðurinn Reginald Fessenden lék það á fiðlu á aðfangadagskvöld 1906 og tók undir með söng í lokaerindinu.



Árni Heimir Ingólfsson

Let the bright Seraphim Úr *Samson*

Israelite Woman:

Let the bright Seraphim in burning row,
Their loud uplifted Angel-trumpets blow:
Let the Cherubic host, in tuneful choirs,
Touch their immortal harps with golden wires.

Newburgh Hamilton; byggt á kvæði eftir John Milton

Ev'ry valley shall be exalted Úr *Messiah*

Ev'ry valley shall be exalted,
and ev'ry mountain and hill made low,
the crooked straight,
and the rough places plain.

Isaiah, xl, 4

How beautiful are the feet Úr *Messiah*

How beautiful are the feet of them
that preach the gospel of peace,
and bring glad tidings of good things.

Romans x, 15

Frohe Hirten, eilt, ach eilet

Úr *Weihnachtsoratorium*

Frohe Hirten, eilt, ach eilet,
Eh' ihr euch zu lang verweilet,
Eilt, das holde Kind zu sehn.
Geht, die Freude heißt zu schön,
Sucht die Anmut zu gewinnen,
Geht und labet Herz und Sinnen!

Picander [Cristian Friedrich Henrici]

Alleluia Úr *Exultate, iubilate*

Alleluia.

Aría [Lát bjarta ljósenгла] Úr *Samson*

Kona frá Ísrael:

Lát bjarta ljósenгла í brennandi röð
þeyta hlómsterka, upphafna englalúðra sína.
Lát skara þrumuenglanna í hreimfögurum kór
snerta ódauðlegar, gullstrengdar hörpur sínar.

Allir dalir skulu upphefjast Úr *Messíasi*

Allir dalir skulu upphefjast,
og öll fjöll og hálsar skulu niðurlægð verða,
og hvað óslétt er það skal slétt verða
og hvað ójafnt er það skal eggslétt verða.

Jesaja, 40:4

Hversu prýðilegir eru fætur þeirra Úr *Messíasi*

Hversu prýðilegir eru fætur þeirra,
sem friðinn boða,
og þeirra eð boða hið góða.

Rómverjabréfið, 10:15

Glöðu hirðar, hraðið ykkur

Úr *Jólaóratóriunni*

Glöðu hirðar hraðið ykkur,
svo að ykkur dveljist ekki of lengi,
hraðið ykkur til að líta barnið dásamlega.
Farið, gleðin verður ofurfögur,
leitist við að höndla yndisleikann,
farið og svalið hjarta og sinni!

Hallelúja Úr *Fagníð, gleðjist*

Hallelúja.

Mariä Wiegenlied

Maria sitzt im Rosenhag
Und wiegt ihr Jesuskind,
Durch die Blätter leise
Weht der warme Sommerwind.

Zu ihren Füßen
Singt ein buntes Vögelein:
Schlaf, Kindlein, süße,
Schlaf' nun ein!

Hold ist dein Lächeln,
Holder deines Schlummers Lust,
Leg dein müdes Köpfchen
Fest an deiner Mutter Brust!
Schlaf, Kindlein, süße,
Schlaf' nun ein!

Martin Boelitz

Vöggusöngur Maríu

María situr í rósalundi
og vaggar Jesúbarni sínu,
hljóðlega gegnum laufblöðin
þýtur hlýr sumarvindurinn.

Við fætur hennar
syngur litfagur lítill fugl:
Sofðu, smábarn, ljúflega,
sofnaðu nú!

Undursamlegt er bros þitt,
undursamlegri er gleði þín í svefni,
leggðu litla þreytta höfuðið þitt
þétt að brjósti móður þinnar!
Sofðu, smábarn, ljúflega,
sofnaðu nú!

Ave Maria

Þú blíða drottning, bjartari en sólin,
þú biður fyrir lifendum og dauðum,
hríf um eilífð oss frá heljarnauðum.
Ave Maria. Ave Maria.
Gef þeim himnesk jólin.

Bið þinn son að vernda oss frá illu.
Í veröld eru margir stígir hálrir.
Um eilífð vernda allar látnar sálir.
Ave Maria. Ave Maria.
Frelsa þær frá illu.

Indriði Einarsson

Panis angelicus

Panis angelicus, fit panis hominum.
Dat panis coelicus, figuris terminum.
O res mirabilis, manducatur Dominum
Pauper et servus et humilis.

Thomas Aquinas

Brauð engla

Brauð engla verður að brauði manna,
hið himneska brauð setur öllum táknum endimörk.
Ó mikla undur: nú etur drottin sinn
hinn fátæki, þrælkaði og undirgefni.

Agnus Dei

Agnus Dei, qui tollis peccata mundi
miserere nobis.

Agnus Dei, qui tollis peccata mundi
dona nobis pacem.

Forn kirkjutexti

Gesù Bambino

Nell'umile capanna
Nel freddo e povertà,
È nato il santo pargolo
Che il mondo adorerà.

Osanna, osanna cantano
Con giubilante cor,
I tuoi pastori ed angeli,
O Re di luce e amor.

Venite adoremus,
Venite adoremus,
Venite adoremus,
Dominum.

O bel bambin non piangere,
Non pianger, Redentor,
La mamma tua cullandoti
Ti bacía, o Salvator.

Osanna, osanna cantano
Con giubilante cor
I tuoi pastori ed angeli,
O Re di luce e amor.

Venite adoremus,
Venite adoremus,
Venite adoremus,
Dominum.

Pietro Alessandro Yon

Lamb guðs

Lamb guðs, sem berð syndir heimsins,
miskunna oss.

Lamb guðs, sem berð syndir heimsins,
gef oss frið.

Jesúbarnið

Í lágreistum kofa
í kulda og fátækt
fæddist barnið helga
sem heimurinn tilbiður.

„Hósanna, hósanna“ syngja þeir
í fagnandi kór,
hirðarnir þínir og englarnir,
ó, konungur ljóssins og kærleikans.

Komum og tilbiðjum hann,
komum og tilbiðjum hann,
komum og tilbiðjum hann,
herrann Krist.

Ó fagra barn, gráttu ekki,
gráttu ekki, endurlausnari,
móðir þín sem vaggar þér
kyssir þig, ó frelsari.

„Hósanna, hósanna“ syngja þeir
í fagnandi kór,
hirðarnir þínir og englarnir,
ó, konungur ljóssins og kærleikans.

Komum og tilbiðjum hann,
komum og tilbiðjum hann,
komum og tilbiðjum hann,
herrann Krist.

Ó, helga nótt

Ó, helga nótt, þín stjarna blikar blíða
þá barnið Jesús fæddist hér á jörð.
Í dauða myrkrum daprar þjóðir stríða
uns drottinn birtist sinni barna hjörð.
Nú glæstar vonir gleðja hrjáðar þjóðir
því guðlegt ljós af háum himni skín.
Föllum á kné. Nú fagna himins englar.
Frá barnsins jötu blessun streymir,
blítt og hljótt til þín.
Ó, helga nótt. Ó, heilaga nótt.

Vort trúar ljós það veginn okkur vísi
há vöggu hans við stöndum hrærð og klökk,
og kyrrlát stjarna kvöldsins öllum lýsi
er koma vilja hér í bæn og þökk.
Nú konungurinn Kristur drottinn fæddist
hann kallar oss í bróður bæn til sín.
Föllum á kné, nú fagna himins englar,
há lágum stalli lífsins kyndill
ljóma fagur skín.
Ó, helga nótt, ó heilaga, nótt.

Sigurður Björnsson

Gjöf sem hljómar vel

Gjafakort Sinfóníuhljómsveitar Íslands er tilvalin jólagjöf fyrir tónlistarunnendur á öllum aldri. Tónleikaárið einkennist af mikilli fjölbreytni og því ættu allir að finna tónleika við sitt hæfi.

Gjafakortið sjálft er fallett og hefur ótakmarkaðan gildistíma.



Komdu við hjá okkur í Háskólabíói eða hafðu samband í síma **545 2500** og við aðstoðum þig með jólagleði. Einnig er hægt að senda póst á sinfonia@sinfonia.is og fá upplýsingar eða tilboð fyrir stærri pantanir. Athugið! Áskrifendur fá 10% afslátt af gjafakortum Sinfóníunnar.

Á hverju efni taka ungir hljóðfæranemendur þátt í einleikarakeppni á vegum SÍ og Listaháskóla Íslands. Þeir sem þykja skara fram úr fá að spreyta sig sem einleikarar með hljómsveitinni og það er mál manna að sjaldan ríki jafn mikil eftirvænting og gleði í salnum og á þessum tónleikum.

Einleikarakeppnin fór fram í byrjun nóvember sl. og dómnefnd kaus tvo einleikara til að koma fram með hljómsveitinni 14. janúar. Matthías Sigurðsson mun leika klarínettukonsert eftir Carl Maria von Weber og Helga Svala Sigurðardóttir leikur flautukonsert eftir Ibert. Bæði eru þau nemendur við Tónlistarskólann í Reykjavík.

Þá verða leikin tvö verk eftir ung íslensk tónskáld sem stunda eða hafa nýlokið tónlistarnámi erlendis: *Þórdísarhyrna, 1.-12. umferð* eftir Hafdísí Bjarnadóttur og *Dreaming* eftir Önnu Þorvaldsdóttur.

Það er sannkallað gleðiefni að íslensk þjóð skuli búa yfir þeim mannauði sem felst í yngstu kynslóð íslensks tónlistarfólks. Þetta eru tónleikar sem áhugamenn um framtíð tónlistarlífsins láta sig ekki vanta á.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 11. DESEMBER 2009

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Andrzej Kleina
Zbigniew Dubik
Bryndís Pálsdóttir
Lin Wei
Sigríður Hrafnkelsdóttir
Martin Frewer
Rósa Guðmundsdóttir
Pálína Árnadóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Greta Guðnadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross
Roland Hartwell
Dóra Björgvinsdóttir
Kristján Matthíasson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ari Þór Vilhjálmsson
Mark Reedman
Christian Diethard

Vióla

Helga Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Sesselja Halldórsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Herdís Anna Jónsdóttir
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Kathryn Harrison
Svava Bernharðsdóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Auður Ingvadóttir
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovísa Fjeldsted

Bassi

Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Jóhannes Georgsson
Páll Hannesson
Þórir Jóhannsson

Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir

Óbó

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau
Guðrún Másdóttir

Klarinett

Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

Fagott

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Brjánn Ingason

Horn

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

Trompet

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Jessica Buzbee
David Bobroff, bassabásúna

Túba

Tim Buzbee

Harpa

Katie Buckley

Semball

Guðrún Óskarsdóttir

Pákur

Frank Aarnink
Slagverk
Steef van Oosterhout

samstarfsaðilar

Sónata í A fyrir bragðlaukana

*Komdu á Skrúður áður en
þú ferð á tónleikana
og kvöldið verður ógleymanlegt.*



PIPAE • SÍA • 2017

Skrúður
bistro • restaurant • bar

Hótel Sögu / S: 525 9970 / www.skrudur.is

Árið hefst á Vínartónleikum



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

VÍNARTÓNLEIKAR 2010

Mið. 06.01.10 » 19:30
Fim. 07.01.10 » 19:30
Fös. 08.01.10 » 19:30
Lau. 09.01.10 » 17:00 Örfá sæti laus

Árið byrjar með sannkölluðum hátíðarbrag á Vínartónleikum þar sem hljóma sígrænar perlur eftir meistara óperettunnar. Einsöngvarar eru tveir af okkar fremstu söngvurum, **Finnur Bjarnason** og **Þóra Einarsdóttir**. Hljómsveitarstjóri er **Christopher Warren-Green**. Vínartónleikarnir hafa um árabíl verið vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar, enda varla hægt að hugsa sér ljúfari upptakt að nýju ári.

Miðaverð: 4.400/4.100 kr.

Tryggðu þér miða á www.sinfonia.is
eða í síma 545 2500

ADALSTYRKARABÍLAR

BORGUN

Morgunblaðið

„Þrátt fyrir að
hafa spilað í
hljómsveitinni í
meira en 20 ár,
finnst mér alltaf
jafn gaman að
spila á Vínar-
tónleikum.“

Martin Frewer fiðluleikari

